

Reykjavík, 13. apríl 2016.

Efni: Áminning vegna endurmenntunar ársins 2015

Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 24. febrúar 2016, var yður tilkynnt að endurskoðendaráði hefði borist upplýsingar frá Félagi löggiltra endurskoðenda, sem gæfu til kynna að þér hefðuð ekki uppfyllt kröfur til endurmenntunar fyrir árið 2015. Var yður gefinn kostur á að tjá yður um efni bréfsins og láta endurskoðendaráði í té nánari upplýsingar um endurmenntun yðar. Engin svör hafa borist við bréfi endurskoðendaráðs.

Þar sem þér uppfylltuð ekki kröfur til endurmenntunar árið 2014 fór endurskoðendaráð fram á með bréfi ráðsins til yðar, dags. 26. maí 2015, að þér sæktuð þá endurmenntun sem í boði var á árinu 2015. Samkvæmt upplýsingum frá Félagi löggiltra endurskoðenda svaraði endurmenntun yðar þó eingöngu til átta klukkustunda árið 2015.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um endurskoðendur skal endurmenntun að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Það er mat endurskoðendaráðs að ekki sé hægt að líta framhjá því að þér hafið ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til lágmarks endurmenntunar á árinu 2015. Um er að ræða lögbundna skyldu sem allir löggiltir endurskoðendur verða að sæta í því skyni að viðhalda réttindum sínum. Þannig segir í 15. gr. reglugerðar nr. 30/2011 um endurskoðendur:

„Hafi endurskoðandi ekki lokið endurmenntun í samræmi við reglugerð þessa telst hann ekki hafa fullnægt skilyrðum til að viðhalda réttindum sínum sem endurskoðandi og fer með mál hans samkvæmt 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.“

Er það því niðurstaða endurskoðendaráðs að veita skuli yður áminningu samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008 sökum þess að þér lukuð ekki lögbundinni lágmarks endurmenntun árið 2015.